



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 7. – 8. tölublað. Ágúst – september 2005.

EFNI:

Hettusóttarfaraldur sumarið 2005 bls. 1

Lekandatilfellum fjölgar bls. 2

Salmonella hjá ferðamönnum erlendis bls. 3

Ritstjórn

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is


Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

HETTUSÓTTARFARALDUR SUMARIÐ 2005


Eins og getið var um í síðasta tölublaði Farsóttáfrétta¹ höfðu greinst þrjár einstaklingar með hettusótt hér á landi fyrri hluta sumars í ár. Nú er vitað að hettusóttarfaraldurinn í lok maí byrjaði með því að hann barst frá Englandi í lok maí 2005. Bretar hafa átt í tímabundnum erfiðleikum með að ná fullnægjandi þátttöku í bólusetningu gegn hettusótt, mislingum og rauðum hundum á undanförunum árum. Hettusóttin virðist hafa náð hámarki hér á landi í lok júlí og byrjun ágúst sl., sbr. Mynd 1. Fram að 1. september höfðu 23 greinst með sjúkdóminn, langflestir á aldrinum 20–25 ára, sbr. Mynd 2. Þessi aldurshópur var ekki bólusettur því að almenn ungbarabólusetning gegn hettusótt hjá 18 mánaða börnum hófst ekki hér á landi fyrr en 1989. Árið 1994 var svo ákveðið að bólusetja börn við

9 ára aldur líka. Frá því 1. janúar 2000 hefur gilt það fyrirkomulag að bólusetja börn við 18 mánaða aldur og svo aftur við 12 ára aldur. Þegar bólusetning hófst gegn hettusótt hvarf sjúkdómurinn sem faraldur og því hurfu náttúrulegar sýkingar. Búast má við því að flestir þeirra sem eldri eru en sá aldurshópur sem veiktist af hettusótt um þessar mundir séu náttúrulega varðir enda gekk síðasti stóri hettusóttarfaraldurinn hér á landi 1987.

Ætla má að faraldurinn sem gengur um þessar mundir verði takmarkaður og er ýmislegt sem bendir til þess að hann hafi náð hámarki og muni fara dvinandi það sem eftir er árs. Hettusótt er tilkynningaskyldur sjúkdómur sem þarf að staðfesta með greiningu á rannsóknarstofu. Það er nauðsynlegt til að fylgjast með árangri bólusetninga.



Mynd 1



Mynd 2

¹ Farsóttáfréttir 2005; 6: 1

Heildarfjöldi lekandatilfella á þessu ári er því kominn í 15 og er það nokkur aukning miðað við árin á undan.

Mikilvægt er að hvetja einstaklinga til að gæta varúðar og fara í lækni skoðun án tafar ef grunur leikur á smiti.


LEKANDATILFELLUM FJÖLGAR

Síðastliðna þrjú mánuði hefur fjöldi lekandatilfella sem greinast hérlendis farið vaxandi. Frá júníbyrjun til ágústloka hafa greinst 13 tilfelli, en á fyrstu fimm mánuðum ársins greindust einungis tveir einstaklingar með lekanda. Heildarfjöldi lekandatilfella á þessu ári er því kominn í 15 og er það nokkur aukning miðað við árin á undan, en síðastliðin 8 ár hafa greinst 2–10 tilfelli árlega.

Svo virðist sem um a.m.k. fjóra mismunandi stofna bakteríunnar *Neisseria gonorrhoeae* sé að ræða, en stofnarnir eru misnæmir fyrir ákveðnum sýklalyfjum og bendir það til mismunandi uppruna smits. Í 11 af 15 tilfellum er bakterían ýmist ónæm eða með minnkað næmi fyrir penisillíni.

Meðalaldur einstaklinganna er 30 ár (aldursbil 19–42 ára) og fleiri karlmenn (11) hafa greinst en konur (4).

Lekandi hefur verið sjaldséður sjúkdómur hérlendis síðastliðin ár. Víða erlendis hefur borið á auknum fjölda lekandatilfella í stórborgum, fyrst og fremst meðal karla sem stunda kynlíf með körlum. Mikilvægt er að hvetja einstaklinga til að gæta varúðar og fara í lækni skoðun án tafar ef grunur leikur á smiti. Það er einnig full ástæða til að hvetja lækna til að vera á varðbergi með aukinni sýnatöku ef grunur vaknar um lekanda, svo tryggja megi rétta sjúkdómsgreiningu og unnt sé að rannsaka næmi bakteríunnar fyrir sýklalyfjum.



SALMONELLA HJÁ FERÐAMÖNNUM ERLENDIS

*Samtals greindist
Salmonella enteritidis hjá
sex einstaklingum sem
komu heim þann
8. ágúst eftir ýmist
einnar eða tveggja vikna
dvöl á eyjunni.*

*Fjöldi ferðamanna af
mismunandi þjóðerni
fóru í siglinguna til
Santorini og var því talið
líklegt að smitið hefði
borist til fleiri landa.*

Í fyrri hluta ágústmánaðar varð vart við aukinn fjölda salmonellutilfella hjá ferðamönnum sem snéru heim úr sumarfrí frá eyjunni Krít. Samtals greindist *Salmonella enteritidis* hjá sex einstaklingum sem komu heim þann 8. ágúst eftir ýmist einnar eða tveggja vikna dvöl á eyjunni. Upphaf einkenna var á tímabilinum 8.–13. ágúst. Meðal þeirra sem sýktust voru ein hjón en annars voru engin tengsl milli einstaklinganna sem dvöldu á fjórum mismunandi hótelum á Krít. Við frekari rannsókn kom í ljós að allir sem veiktust höfðu farið í rúmlega 20 klukkustunda siglingu til eyjarinnar Santorini, ýmist þann 4. eða 6. ágúst. Á leiðinni var boðið upp á morgunmat og síðar um daginn hlaðborð með fjölmörgum réttum.

Til samanburðar var haft samband við níu fríska einstaklinga sem voru samtímis á Krít en án einkenna salmonellusýkingar. Í ljós kom að einungis einn þeirra fór í siglinguna til Santorini.

Meðgöngutími sýkingarinnar (tími frá smiti þar til fyrstu einkenna verður vart) hjá þeim sem veiktust, ef gert er ráð fyrir smiti um borð í skipinu, var 2–7 dagar og samrýmist það meðgöngutíma salmonellusýkingar. Það er því afar líklegt að uppsprettu sýkingarinnar hafi verið að finna um borð í skipinu.

Fjöldi ferðamanna af mismunandi þjóðerni fóru í siglinguna til Santorini og var því talið líklegt að smitið hefði borist til fleiri landa. Send var viðvörðun til viðvörðunarkerfis Evrópusambandsins sem tengir allar sóttvarnastofnanir Evrópusambandsins. Sóttvarnalæknir hefur einnig verið í beinum samskiptum við sóttvarnaryfirvöld á Krít. Ekki hafa greinst fleiri salmonellusýkingar meðal ferðamanna sem komu heim frá Krít eftir 8. ágúst.